

Vinnureglur varðandi umgang starfsmanna ME um herbergi vistarbúa:

„Heimavistin er heimili þeirra sem þar búa. Heimilismenn skoðast sem leigjendur að tilteknu húsnæði, réttindi þeirra og skyldur byggjast á leigusamningi og miðast við gildandi lög og reglur vistarinnar.“ (6.gr.)

Tilfni þess að starfsfólk á vegum húsráðanda (Skólameistari, staðgengill skm, húsfreyja, gæslukennari, húsvörður, iðnaðarmenn) getur verið:

- 1) Viðgerðir og viðhald húsnæðis og húsbúnaðar. (kl. 8-18)
- 2) Lokanir á gluggum, stillingar á ofnum, slökkvun ljósa og læsing herbergja á föstudagskvöldum og við upphaf lengri leyfa. (kl. 18-20)
- 3) Vikuleg, auglýst, herbergjaskoðun vegna eftirlits með þrifum og umgengni. (Kl. 20-22)
- 4) Veikindi vistarbúa.
- 5) Dempun hávaða frá hljómflytningstækjum, tölvum og sjónvörpum.
- 6) Könnun á boðum frá reykskynjara á herbergi.
- 7) Eftirlit vegna rýmingar húsnæðis í kjölfar brunaboða eða brunaæfinga.
- 8) Rökstuddur grunur um brot á heimavistarreglum (s.s. vímuefni, tóbak, næturgesti)
- 9) Rökstuddur grunur um háttsemi sem refsiverð getur talist skv. landslögum (s.s. innbrot, líkamsárás, kynferðisbrot)

Að auki getur komið til húsrannsóknar að hálfu lögreglu en í slíkum tilvikum er leitað samþykkis viðkomandi íbúa ef ekki liggur fyrir skrifleg heimild til húsrannsóknar.

Vinnureglur:

Í öllum tilvikum 1) - 5) skal starfsmaður á vegum skólans banka á herbergisdyr áður en inngöngu er leitað. Ef ekki er ansað/komið til dyra er starfsmanni heimilt að fara inn í herbergið ef dyr ólæstar en annars skal bankað aftur. Ef ekki er ansað í hið seinna sinn er starfsmanni heimilt að opna með lykli enda sé erindi hans það brýnt að ekki megi bíða betri tíma.

Í tilvikum 6) - 9): Bankað, viðkomandi gerir grein fyrir sér og erindi, opnar með lykli ef þarf.

Samþykkt í heimavistarráði 28.04.2011.